

137

11. ágúst

4. gr.

- Ætlast er til að sjóðurinn fái tekjur sínar á þann hátt, er hér greinir:
- Árlegt framlag frá U.M.F. Þorsteinn Svörfuður, er sé 10% af nettótekjum félagsins ár hvert þar til sjóðurinn er orðinn 10000 — tíu þúsund — krónur, þó aldrei minna en 25 krónur á ári.
 - Með gjöfum einstakra manna og félaga.
 - Með áheimum og dánarminningum.

5. gr.

U.M.F. Þorsteinn Svörfuður er falin forsjá og efling sjóðs þessa, og kýs það á aðalfundi sínum ár hvert þrjá menn í stjórn sjóðsins og tvo endurskoðendur.

6. gr.

Þegar sjóðurinn er orðinn 10000 — tíu þúsund — krónur, má byrja að úthluta styrkjum úr honum, þó aldrei meira en þrem fjórðu árlegra vaxta. En þegar sjóðurinn er orðinn 15000 — fimmtán þúsund — krónur, er leyfilegt að verja til styrktar úr honum öllum árlegum tekjum hans.

7. gr.

Verkefni sjóðsstjórnar er:

- Að ávaxta sjóðinn á sem hagfeldastan hátt hjá tryggri lánsstofnun, og hafa með höndum allt reikningshald hans. Skal hún leggja fram endurskoðaða reikninga sjóðsins á aðalfundi U.M.F. Þorsteins Svörfuður ár hvert.
- Sjóðstjórninni ber að ákveða hverjir njóta skulu styrkja úr sjóðnum á hverjum tíma.
- Stjórnin skal halda skrá yfir allar tekjur sjóðsins, samkvæmt b- og c-lið 4. gr.
- Heimilt er stjórninni að verja fé úr sjóðnum til útgáfu minningarspjalda.

8. gr.

Reglugerð þessa má endurskoða að fimm árum liðnum, þó skulu þrjár fyrstu greinar hennar ætíð standa óbreyttar.

9. gr.

Þó að U.M.F. Þorsteinn Svörfuður leysist upp, skal sjóðurinn halda áfram að starfa undir umsjá hreppsnefndar Svarfaðardalshrepps.

10. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

138

11. ágúst

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir „Minningarsjóð Jóns Högnasonar“, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 11. ágúst 1947. Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Jóns Högnasonar.

1. gr.

Sjóður þessi er stofnaður til minningar um Jón Högnason, Vestmannaeyjum, af bróður hans, Ólafi Högnasyni.

Stofnfé sjóðsins er 1000 — eitt þúsund — krónur.

2. gr.

Árlega skal verja $\frac{3}{4}$ hlutum vaxta, um jólin, til að gleðja með fátæk börn, sem dvelja á sjúkrahúsi Vestmannaeyja. Höfuðstólinn má aldrei skerða. $\frac{1}{4}$ hluti vaxta, gjafir og áheit, sem sjóðnum kann að áskotnast, leggist við höfuðstól.

138

11. ágúst

3. gr.

Stjórn sjóðsins skal á hverjum tíma skipuð sjúkrahússnefnd kaupstaðarins og sé gjaldkeri sjúkrahússins jafnframt gjaldkeri sjóðsins. Reikningar hans skulu endurskoðaðir af endurskoðendum bæjarins.

4. gr.

Fé sjóðsins skal ávaxta eftir því sem sjóðsstjórn telur heppilegast á hverjum tíma.

5. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

Bæjarstjórnin í Vestmannaeyjum, 25. apríl 1947.

Ólafur Kristjánsson.

S A M Þ Y K K T

139

12. ágúst

fyrir Vatnsveitufélag Bakkagerðiskauptúns.

1. gr.

Félagið heitir Vatnsveitufélag Bakkagerðiskauptúns.

2. gr.

Tilgangur félagsins er að sjá þorpinu fyrir vatni.

3. gr.

Skylt er öllum húseigendum í Bakkagerðisþorpi að greiða stofngjald til Vatnsveitufélags Bakkagerðiskauptúns, nema til komi ákvæði vatnalaga, 3. kafli 23. gr. 2, enda hafa þeir fyrir afnot af vatni því, er félagið hefur umráð yfir á hverjum tíma eftir ákvæðum þeim, sem samþykkt þessi greinir.

Stofngjald telst hér sú upphæð, er kom á hvern félagsmanna, er vatnsveitan var lögð.

4. gr.

Kosnaði við upphaflega lagningu aðalleiðslu vatnsveitunnar skal jafnað niður á öll hús í kauptúninu, en innlögn kostar hver húseigandi. Félagsstjórn ákveður hvað telst aðalleiðsla.

Þar, sem vatnsveitan er lögð með mjög takmarkaðri pípuviðd, skal stofnkostnaður greiddur að fullu þegar er vatnsveitan hefur verið lögð.

5. gr.

Vatnsskatt skal innheimta árlega með kr. 25.00 fyrir hverja innlögn eða íbúð. Skal honum ásamt þeim stofngjöldum, er til kunna að falla, varið til viðhalds og lagningar viðbótar aðalleiðslu eftir því, sem með þarf. Heimilt er stjórninni með samþykki lögmeats aðalfundar, að leggja á sérstakt aukagjald til viðhalds eða viðbótarlagningar, ef þörf krefur.

Vatnsskatt og stofngjald má taka lögtaki.